

Titill	AIMG jökla 1
Skammstöfun	FJAL3AJ03
Námsgrein	Fjallamennska
Viðfangsefni	AIMG, starfsnám, jöklar
Prep	3
Einingafjöldi	3

Lýsing:	<p>Grunnþjálfun í jöklaleiðsögn sem tekur fjóra daga og fer fram á skriðjökli. Farið verður yfir helstu atriði jöklaleiðsagnar svo sem leiðarval, sprungubjörgun, ísklifur, samskipti við gesti og hópstjórn.</p> <p>Grunnþjálfunin veitir rétt til þess að starfa undir merkjum AIMG á skriðjökli sem AIMG Jöklaleiðsögumemi (e. AIMG Glacier Guide Trainee) undir beinni leiðsögn AIMG Aðstoðarjöklaleiðsögumanns að sumarlagi eða AIMG Jöklaleiðsögumanns að vetrarlagi.</p>
----------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Forkröfur:	FJAL1GÖ05, FJAL1SH03, FJAL2KK05, FJAL2JÖ03, FJAL2HJ02, FJAL2VF04 og FJAL1HL02
-------------------	-------------------------------------------------------------------------------

Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnþáttum varðandi skipulag jöklaferða • þeim útbúnaði sem þarf til jöklaferða og hvernig hann er notaður og kynntur fyrir ferðamönnum. • ís ankkerum • eigin styrkleikum og takmörkunum • mismunandi aðstæðum • ísklifri, leiðarvali á jökli, skrefagerð, áhættumati og stjórnun, ásamt sprungubjörgun • viðeigandi búnaði og öryggisbúnaði í ferðum á skriðjökklum • mikilvægi hópstjórnunar • hagnýtri veðurfræði og náttúrufræði • verndun náttúrunnar
------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • greina helstu þætti við skipulag og undirbúning jöklaferða • meta eigin styrkleika og takmarkanir • setja upp öruggt ankeri • stunda ísklifur í ofanvaði af öryggi og að velja ísklifurveggi við hæfi • nota réttan búnað á skriðjökli og ganga vel um hann • framkvæma sprungubjörgun af öryggi • ferðast á jökklum • finna heppilegt samstarfsfólk og tengiliði við skipulag og undirbúning ferða • nýta sér aðstæður í náttúrunni og meta veðurútlit • rata og velja leiðir á jökli, meta áhættu og stýra þeirri hættu
---------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • geta tekið ákvarðanir miðað við eigið líkamsástand, staðhætti og aðstæður og gesta sinna • hagnýta sér búnað sem þarf til að ferðast á jökli • ferðast örugglega á skriðjöklum • stunda ísklifur við hæfi • framkvæma sprungubjörgun af öryggi • taka ákvarðanir í samráði við hóp ferðafélaga • hagnýta sér það sem sjá má af veðurspám og útliti • miðla fróðleik um náttúru landsins sem fyrir augu ber á ferðalagi • rata og velja öruggustu leiðina á jökli og í nágrenni þeirra • leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum • taka saman í lok ferðar mat á hvernig til tókst og geta dregið lærdóm af því • bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi
--------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Námsmat	Leiðsagnarmat á vettvangi og námsmappa
----------------	----------------------------------------

Leiðbeiningar	<p>AIMG gerir kröfur um að þátttakendur í áfanganum hafi grunnþekkingu í:</p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnþekkingu í fjallamennsku og línuvinnu. • grunnþekkingu í notkun og tækni mannbrodda á hörðum ís • grunnþekkingu á sigi og línuklifri (Sig og júmm) • uppsetningu og gerðir ankera með ísskrúfum • grunnþekkingu í uppsetningu á einfaldri sprungubjörgun <p>Áfanginn er opinn þeim sem hafa ofangreinda kunnáttu en nemendur skólans þurfa að hafa lokið áföngum sem listaðir eru í forkröfum hér að ofan. Námsmat áfangans er leiðsagnarmat sem unnið er með reglulegum samskiptum nemenda og kennara, bæði í ferðinni sjálfri, fyrir og eftir ferð. Gert er ráð fyrir fundum um námið í upphafi og lok dags á meðan á ferðinni stendur. Nemandi skilar loggbók í lok ferðar og er hún hluti af námsmöppu.</p>
----------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------